Gamansaga.
Séra Pétur og Pési..
3 blöð qto.

9

Séra Pétur var prúdmenni mikid, vel gefinn madur og einn medal hinna snotrusta skálda landsins á sinni tíd; hann þótti kennimadur hinn begti og var prófastur sinnar sýslu; sögdu margir ad hann væri eitt medal hinna líklegustu biskupsefna landsins og hann hefdi sennilega ordid biskup, ef honum hefdi enzt aldur til, þrátt fyrir þad þótt hann þætti í meira lagi léttúduguro í fárra manna hópi og med afbrigdum spaugsamur. Hann var allra mesti æringi og hafdi gaman af gódri fyndni og skopsögum. Þad ber þór vel í veidi fyrir honum, er til hans vistadist madur einn er Pétur hét og var hann vinnumadur hans um mörg ár og medreidarmadur ~~hans~~ á öllum húsvitjanaferdum hans og kirkjuskodana ferdum og yfir höfud ávalt þá er hann fór eitthvad á hesti útfrá bænum.

Séra Pétur nefndi þennan vinnumann sinn Pésa - enda var þad gælunafn hans ádur - og hafdi hann hina mestu ánægju af ad tala vid hann og fáum var kunnugra um þad en séra Pétri, hversu ~~hvad~~ nafni hans var fljótur til svars og oft meinlegur í ordum. Hann vissi, engu sídur en adrir, ad þad var næstum sama, hversu frá leitar spurningar lagdar voru fyrir Pésa og hversu flatt þær komu upp á hann, ad þá var svarid ávalt á hradbergi án nokkurar umhugsunar og ad þá mátti jafnan ganga ad þvi vísu, ad annadhvort var svarid á þá leid, ad ekki var annad hægt en ad hlæja ad þvi, eda þá svo napurt og neydarlegt ad sá er spurdi, vard ad þagna og spurdi ekki Pésa um fleira ad þvi sinni. Pési var alþektur ad þessu um alla sýsluna og þótti séra Pétri þvi mikid í þad varid ad hafa slékan spjótrung og spilagosa, sem medreidarmann sinn í öllum ferdalögum, sem Pési var, enda lenti þeim oft saman í ordasennu og vard Séra Pétur oftast ad láta í minni þokann fyrir nafna sínum, þótt lærdur madur væri

Nú var það einhverju sinni, að klerkur var á húsvitjunarferð í útkirkjusóku sinni, að haustlagi og bleytutíð og var Pési þá sem endrarnær fylgdarmaður hans. Langt var á milli bæja og blautar mýrar og fen yfir að fara, það var farið að skyggja og ferðin sóttist seint. Ferðamenn irnir urðu að láta hestana lötra fet fyrir fet og gátu aldrei riðið samsíða eða talað neitt saman. Þannig urðu þeir að rorra þarna í mýrinni, oftast þegjandi og komust lítið áfram. Prófastinum var farið að leiðast þetta og hugsaði sér nú að finna upp á einhverju umtalsefni við nafna sinn; en hvað átti það að vera? – Þeir voru búnir að tala svo mikið saman áður um daginn og undanfarna daga, að það var ekki auðvelt að finna neitt skemtilegt og viðeigandi umtalsefni. Það væri þá helst, hugsaði prestur, að finna einhverja þá spurningu til að bera fram fyrir Pésa, er hann ætti bágt með eða jafnvel ómögulegt með að svara. Loksins fann presturinn Þúðrið á Pésa. Það skyldi tefjast fyrir honum að svara þór strax, er hann ætlaði nú að spyrja hannum. Loksins kom þarna svo greiðfær vegarspotti yfir mel eða móabarð, að þeir gátu látið klárana lötra hvors við annars hlið og verða samsíða; þeir litu hvor til annars, samferðamennirnir, með án ægjusvip yfir þór að nú væri vegurinn loks orðinn ofurlítið skárri og nú gætu þeir leyst frá þokanum og talað saman, ef þeir hefði löngun til þess.

„Heyrðu, Pési minn!" sagði klerkur, „tarna er annars ljóti vegurinn; við erum hér eins og á eyðimörku, kommust ekkert áfram, mætum engu kvikindi og myrkrið er að skella á, en ömurlegast finst mér þó það að við getum ekki talað orð saman, jafnvel ekki hugsað og sígt neitt gott. Hvar ætli þetta lendi?"

Pési tók létt undir þetta, en lét þó á sér skilja, að það gengi vel.

„Jeja, Pési minn!" sagdi prestur, „en mér datt í hug ádan, er ég sá hversu einmana vid erum hérna í röskrinu ad rorra hérna í mýrinni, ad sked gæti nú ad eitthvad óþægilegt gæti nú komid fyrir okkur, eitthvad, sem vid ættum ekki von á og þú fyrir gefur ad þad var bara ljóth, sem mér datt í hug: Segjum, ad vid mættum þeim gamla hérna í mýrinni – þú skilur, vid hvern ég á – ég meina sjálfan fjandann og ad hann kæmi nú bil ad sækja annanhvorn okkar. Á hverju heldurdu nú ad hann mundi þekkja okkur hvorn frá ödrum?

„Á málrómnum!" svaradi Pési og án allrar umhugsunar.

Presturinn vard forvida vid þetta óvænta svar og spurdi:

„Á málrómnum? – Hvi þá þad, Pési minn?"

„Þad er svo sem andvitad," sagdi Pési, „hvi þér talid vid hann á hverjum sunnudegi og kanske oftar, en ég hefi aldrei talad vid hann eitt einasta ord!"

„Og hvorn okkar heldurdu þá ad hann tæki?"

„Hann mundi áreidanlega taka mig, en ekki ydur."

„Nú? – hvi þá þad?"

„Af hvi ad hann á ydur altaf vísann!"